

jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors
peirra.

Mánudaginn 7. ágústmánaðar.

Nr. 3/1893:

Teitur Th. Ingimundarson
gegn

hreppsnefnd Hrafnagilshrepps.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í hjeraði af hinni stefndu hreppsnefnd Hrafnagilshrepps gegn áfrýjandanum Teiti Th. Ingimundarsyni úrsmið í Reykjavík til endurgreiðslu sveitarstyrks að upphæð 335 kr. 68 aur., er áfrýjandinn hefði þegið úr fátækra sjóði tjeðs hrepps, sem er fæðing-
arhreppur hans, á árunum 1873—76. Málið var dæmt á bæjarþingi Reyjavíkur 28. júlí f. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða hinni stefndu hreppsnefnd greinda upphæð 335 kr. 68 a. með 5% vöxtum frá sáttakæru-
degi til borgunardags og í málskostnað 12 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 13. jan. þ. á. og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur og hreppsnefndin eða hreppsnefndarmenn allir in solidum dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati dómsins. Af hálfu hinnar stefndu hreppsnefndar, sem hefur verið veitt gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaður talsmaður, hefur þess aptur á móti verið krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hennar.

Af hálfu hinnar stefndu hreppsnefndar hefur verið framlagður í málinu útdráttur úr sveitarbók hreppsins, þar sem hin umstefnda sveitarskuld er tilfærð sem sveitarstyrkur eða sveitarlán veitt áfrýjandanum á árunum 1873—76, og verður að álíta þetta nægilega sönnun fyrir skuldinni, einkum þar sem áfrýjandi ekki hefur haft á móti því, að hann muni hafa þegið sveitarstyrk þar nyrðra á umgetnu tímabili, en að eins komið fram með allsendis óákveðnar vefengingar á upphæð skuldarinnar. Aðalmótmæli sín hjer fyrir rjettinum gegn hinu umstefndu skuldakröfu byggir áfrýjandinn á því, að ákvæðið í 1. gr. laga 4. nóv. 1887 um sveitarstyrk og fúlgu, um að menn sjeu skyldir að endurborga sveitarstyrk sem aðra skuld, eigi að eins við sveitarstyrk, sem þeginn sje eptir að lög þessi komu til; en yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um, að eptir orðalagi tjeðs lagaákvæðis sje ekki heimild til að leggja svo takmarkaðan skilning í það, heldur nái það einnig til óendurgoldins sveitarstyrks, sem veittur hefur verið áður en lögin öðluðust gildi og því einnig til sveitar-skuldar þeirrar, er hjer er umræðuefnið.

Það ber því, eins og undirdómurinn hefur gjört, að dæma áfrýjandann til að greiða hina umstefndu skuld að öllu leyti, og með því að yfirdómurinn fellst einnig á málskostnadarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm í heild sinni. Sem málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hinnar stefndu ber áfrýjanda að greiða 15 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Málsfærslan af hendi hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn greiði sem málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns stefndu, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar 15 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 42/1892:

Bóksali Kristján Ó. Þorgrímsson
gegn

Lárusi Bjarnason fyrir hönd
S. Friedlænders.

D ó m u r:

Í hjeradi var mál þetta höfðað af yfirrjettarmálaflutningsmanni Lárusi Bjarnason fyrir hönd verzlunarhússins S. Friedlænders í Kaupmannahöfn gegn bóksala og kaupmanni Kristjáni Ó. Þorgrímssyni í Reykjavík út af viðskiptaskuld, að upphæð kr. 550,16 aur., og var sökin dæmd í bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar 15. sept. f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða hinum stefnda af hinni umstefndu skuld 407 kr. 8 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur nefndur Kristján Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 7. okt. f. á. og gjört þær rjettarkröfur hjer fyrir rjettinum, *principaliter* að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að honum verði